

79  
12. okt.

# Samþykkt

## um sýsluvegin Svínvetningabraut.

### 1. gr.

Svínvetningabraut er nefndur í samþykkt þessari sýsluvegur sá, frá Húnavetningabraut að Guðlaugsstöðum og hliðarbrautin frá Tindum vestan Svínvatns austur yfir Svínadalá, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu ákvað 1919.

### 2. gr.

Svínvetningabraut skal gera vagnfæra svo ört sem hægt er að fá menn til lagningar hennar.

Vegurinn skal gerður samkvæmt ákvörðun sýslunefndar 1919 og vel vandaður að öllu.

### 3. gr.

Helminginn af kostnaði þeim við vegagerð þessa, sem ekki fæst úr ríkissjóði, greiðir sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu

Hinn helming kostnaðarinn skal greiða af notendum vegarinn svo sem hér segir:

a. Hver, sem á land eða jörð er vegurinn liggur um, eða er í Svínvatnshreppi svo og eigandi Hamrakots skulu árlega greiða 1% af virðingarverði lands síns eða jarðar án húsa en með jarðabótum.

Rétt eiga landsdrottnar á að fá árlega frá leiguliðum sínum 10% af því, er þeir hafa greitt af leigulandinu til vegarinn.

b. Hver sem á skepnur, er hann beitir að jafnaði á land það, sem nefnt er í staflið, skal greiða árlega:

- |                                 |        |
|---------------------------------|--------|
| 1. af hverri sauðkind . . . . . | 5 auro |
| 2. - hverju hrossi . . . . .    | 25 —   |
| 3. - hverjum nautgrip . . . . . | 50 —   |

Hreppstjórar skulu skyldir að láta í tje árlega fyrir júnflok staðfestan útdrátt úr búnaðarskýrslun til notkunar við útreikning á gjaldinu.

c. Hver húsráðandi á fyrnefndu svæði skal árlega vinna 1 dagsverk fyrir hvern verkfæran heimilisfastan karlmann 20—60 ára eða greiða 12 krónur í vegasjóð og má stjórnin hækka það gjald með samþykki aðalfundar. Rétt á húsráðandi til endurgreiðslu frá hlutaðeigendum.

Stjórn vegafélagsins hefir heimild til að hækka þessar tekjur, a og b lið, hlutfallslega um allt að helmingi með samþykki aðalfundar.

### 4. gr.

Allir einstakir menn, er gjalda til vegarinn, eru til samans félag, er nefnist Svínvetningabrautarfélagið. Skal það eiga með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Á fundi er samþykkt þessi verður samþykkt til fullnustu skal kosin 5 manna stjórn fyrir félagið. Eftir 2 ár ganga 2 úr stjórninni á aðalfundi eftir hlutkesti og kfs aðalfundur 2 menn í þeirra stað, en hinn hluti stjórnarinnar fer frá eftir 4 ár. Stjórnin sé kosin til 4 ára; í henni sje altaf einn maður úr Torfalækjarhreppi. Á aðalfundi skulu rædd fjelagsmál, kosinn endurskoðari, úrskurðaðir reikningar fjelagsins næsta ár á undan o. s. frv.

## 5. gr.

79

Stjórn fjelagsins annast um allar framkvæmdir þess, svo sem að útvega menn og annað, sem þarf til vegagerðarinnar, heimta saman tekjur vegarins, semja reikninga fjelagsins og rita þá og glöggva frásögn um það, er gerist á fundum þess og stjórnarinnar, í gerðabók, er fjelagið skal eiga. Kostnað þann, er flýtur af fjelagsskapnum, skal greiða af tekjum þeim, er nefndar eru í 3. gr. 2. málsgrein, staflið a, b, c. 12. okt.

## 6. gr.

Heimilt er fjelagsstjórninni að taka lán, hvar og með hvaða kjörum sem er, til lúkingar stofnkostnaði vegarins, gegn trygging í tekjum hans, er allir fjelagsmenn bera svo ábyrgð á, allir fyrir einn og einn fyrir alla.

## 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum alt að 200 krónum.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngmáladeild stjórnarráðsins, 12. október 1920.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*